

30. apríl 2007

Afkoma Glitnis banka hf. á fyrsta ársfjórðungi 2007

Hagnaður samstæðu 7,0 milljarðar króna eftir skatta

Arðsemi eigin fjár 20,5%

Helstu niðurstöður uppgjors Glitnis banka hf. á fyrsta ársfjórðungi 2007 eru þessar:

- Hagnaður eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi var 7,0 milljarðar samanborið við 9,1 milljarð á fyrsta ársfjórðungi 2006. Hagnaður eftir skatta á fjórða ársfjórðungi 2006 var 9,3 milljarðar.
- Hagnaður fyrir skatta á fyrsta ársfjórðungi nam 8,4 milljörðum samanborið við 11,2 milljarða á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs. Hagnaður fyrir skatta á fjórða ársfjórðungi 2006 var 11,6 milljarðar.
- Á fyrstu þremur mánuðum ársins myndaðist 42% af hagnaði bankans fyrir skatta af starfsemi utan Íslands eða 4,8 milljarðar.
- Hreinar vaxtatekjur á fyrsta ársfjórðungi voru 7,9 milljarðar samanborið við 7,8 milljarða á fyrsta ársfjórðungi 2006. Hreinar vaxtatekjur voru 8,4 milljarðar á fjórða ársfjórðungi árið 2006.
- Þóknatekjur á fyrsta ársfjórðungi ársins námu 7,3 milljörðum og jukust úr 5,6 milljörðum frá fyrsta ársfjórðungi árið 2006. Þóknatekjur voru 10,3 milljarðar á fjórða ársfjórðungi 2006.
- Hagnaður á hlut var 0,46 krónur á ársfjórðungnum.
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi var 20,5% en var 42% á fyrsta ársfjórðungi 2006. Arðsemi eiginfjár eftir skatta án gengishagnaðar á ársfjórðungnum var 18,5%.
- Heildareignir jukust um 9,6 milljarða króna á ársfjórðungnum í 2.256 milljarða. Þar af námu lán til annarra en lánastofnana 1.521 milljörðum króna og lækkuðu um 85 milljarða eða 5,6%, útlán á gangvirði hjá BNbank eru meðtalin. Lækkunin endurspeglar gengislækkun íslensku krónunnar.
- Endurfjármögnun ársins um 2,7 milljarða er nú lokið. Innlán sem bankinn hóf að taka við í Bretlandi í október 2006 námu 1 milljarði evra í lok apríl 2007.
- Eignir í stýringu jukust um 10% á fyrsta ársfjórðungi og eru 541 milljarðar króna. Glitnir keypti 68,1% í fjárfestingarfélaginu FIM Group í febrúar 2007 og mun félagið verða hluti af samstæðureikningi Glitnis frá og með 1. apríl 2007.
- Eigið fé nam 153 milljörðum króna í lok mars, sem er aukning um 5% frá byrjun ársins. Eiginfjárlutfall á CAD-grunni var 14,2%, þar af A-hluti 11,6%.

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis. „Árið byrjar vel hjá Glitni. Afkoman er traust og góður gangur á bankanum. Kaupin á FIM í Finnlandi og uppbygging alþjóðlegs Eignastýringasviðs endurspeglar þá stefnu bankans að auka þjónustutekjur enn frekar og vera virkir þátttakendur á norrænum fjármálamarkaði. Aukinn kostnaður á fyrsta ársfjórðungi stafar af auknum umsvifum og þeirri skýru stefnu að styrkja innviði bankans, en einnig af fjárfestingum sem er ætlað að styðja við frekari vöxt. Við upphaf annars ársfjórðungs erum við því bjartsýn og horfum til áframhaldandi uppbyggingar.“

Nánari upplýsingar veita:

Bjarni Ármannsson
forstjóri
sími: 440 4005

Tómas Kristjánsson
framkvæmdastjóri fjármálasviðs
sími: 440 4656

Vala Pálsdóttir
Forstöðumaður fjárfestatengsla
sími: 440 4989 eða vp@glitnir.is

Reikninga Glitnis er að finna á slóðinni www.glitnir.is

1. Afkoma samstæðu**1.1. Helstu niðurstöður rekstrarreiknings**

m.kr.	1. ársfj. 2007	1. ársfj. 2006	2006	2005
Hreinar vaxtatekjur	7.943	7.827	37.084	22.351
Nettó iðgjöld	0	0	0	229
Hreinar þjónustutekjur	7.298	5.626	26.459	8.773
Arðstekjur	24	0	11	0
Hreinar tekjur/(gjöld) af	651	3.348	5.999	3.993
Hagnaður/(tap) af öðrum fjáreignum á gangvirði	1.844	632	2.097	491
Innleystur hagnaður af fjáreignum til sölu	0	0	0	181
Gangvirðisbreytingar vegna	54	-4	-185	-59
Hreinn gjaldeyrismunur	340	-185	581	-179
Aðrar rekstrartekjur	59	47	555	631
Hreinar rekstrartekjur	18.213	17.291	72.601	36.411
Laun og launatengd gjöld	-4.807	-3.341	-15.747	-8.848
Afskriftir rekstrarfjármuna	-248	-139	-662	-481
Annar rekstrarkostnaður	-3.582	-2.392	-10.892	-6.401
Rekstrarkostnaður	-8.637	-5.872	-27.301	-15.731
Virðisryrnun	-1.232	-1.424	-4.759	-2.205
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага og samrekstri	-136	1.186	1.470	1.262
Hagnaður af sölu eigna	208	0	4.244	3.323
Hagnaður fyrir skatta	8.416	11.181	46.255	23.060
Tekjuskattur	-1.408	-2.083	-8.025	-4.174
Hagnaður tímabilsins	7.008	9.098	38.231	18.886

Hagnaður

Hagnaður Glitnis nam 8.416 m.kr. fyrir skatta á fyrsta ársfjórðungi 2007 en var 11.181 m.kr. á sama tíma í fyrra.

Hagnaður eftir skatta var 7.008 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2007 en nam 9.098 m.kr. á sama tímabili í fyrra.

Hagnaður á hvern hlut nam 0,46 krónum á fyrsta ársfjórðungi 2007 en nam 0,66 krónum á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs.

Arðsemi og hagsauki

Arðsemi eigin fjár var 20,5% eftir skatta á ársfjórðungnum, en var 42% á sama tímabili árið 2006. Arðsemi eiginfjár eftir skatta án gengishagnaðar á ársgrundvelli var 18,5% á tímabilinu.

Hagsauki samstæðunnar nam 2.863 m.kr., samanborið við 6.106 m.kr. árið 2006. Hagsauki er leiðréttur hagnaður eftir skatta að frádregnum kostnaði við það eigið fé sem bundið er í rekstrinum.

Bankinn áætlar að ávöxtunarkrafa markaðar til eigin fjár bankans sé 14%, samanborið við 12,5% á árinu 2006.

Tekjur

Hreinar vaxtatekjur námu 7.943 m.kr. á ársfjórðungnum en voru 7.827 m.kr. á sama tímabili á síðasta ári. Hreinar vaxtatekjur á fjórða ársfjórðungi 2006 námu 8.420 m.kr. Verðbólga á fyrsta ársfjórðungi var einungis 1,4% á ársgrundvelli, samanborið við 7,3% verðbólgu á árinu 2006.

Vaxtamunur á tímabilinu var 1,4% samanborið við 1,7% á 4. ársfjórðungi 2006. Vaxtamunur var 2% á fyrsta ársfjórðungi í fyrra.

Hreinar þóknatekjur námu 7.298 m.kr. á ársfjórðungnum, samanborið við 5.626 m. kr. á sama tímabili 2006. Hreinar þóknatekjur námu 10.343 m.kr. á fjórða ársfjórðungi árið 2006.

Arðstekjur af auðseljanlegum eignum voru 24 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2007. Arður af viðskiptum með hlutabréf og eignum á gangvirði er nú hluti af hreinum söluhagnaði og hreinum hagnaði af öðrum fjármagnseignum á gangvirði.

Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum námu 651 m.kr. á tímabilinu, samanborið við 3.348 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2006. Heildaráhrif afleiða voru 289 m.kr., hagnaður vegna verðbréfa var 574 m.kr. og tap vegna skuldabréfa 212 m.kr.

Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum á gangvirði voru 1.844 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2007. Gangvirðisbreytingar vegna áhættuvarnareikningsskila voru jákvæðar um 54 m.kr. og hreinn gjaldeyrismunur var jákvæður um 340 m.kr.

Aðrar rekstrartekjur námu 59 m.kr. á 1. ársfjórðungi 2007, samanborið við 47 m.kr. á sama tímabili 2006.

Gjöld

Laun og launatengd gjöld námu 4.807 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2007, samanborið við 3.341 m. kr. á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs. Meðalstöðugildi samstæðunnar voru 1.546 á 1. ársfjórðungi 2007 samanborið við 1.500 meðalstöðugildi á fjórðungnum á undan og 1.216 á 1. ársfjórðungi 2006.

Afskriftir rekstrarfjármuna námu 248 m.kr. það sem af er árinu, sem er 77,6% hækkun frá sama tímabili í fyrra.

Annar rekstrarkostnaður nam 3.582 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2007, aukning um 1.190 m.kr. eða 50% frá 1. ársfjórðungi 2006. Gjöld af fastafjármunum til sölu námu 124 m.kr. á tímabilinu.

Alls nam rekstrarkostnaður fyrsta ársfjórðungs því 8.637 m.kr. samanborið við 5.872 m.kr. á sama tímabili árið áður. Rekstrarkostnaður nam 8.705 milljónum króna á 4. ársfjórðungi 2006.

Aðrir liðir

Virðisrýrnun útlána, krafna og viðskiptavildar nam 1.232 m.kr. á 1. ársfjórðungi 2007 samanborið við 1.424 m.kr. á 1. ársfjórðungi 2006. Þar af var framlag í almenna afskriftareikninga neikvætt um 204 m.kr. og framlag í sértæka afskriftareikninga var 1.436 m.kr.



Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi var neikvæð og nam 136 m.kr. samanborið við 1.186 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2006 og er skýringin sú að Sjóvá taldist sem hlutdeildarfélag fyrstu 4 mánuði ársins 2006.

Hagnaður af sölu eigna var 208 m.kr. samanborið við 0,1 m.kr. á sama tímabili 2006.

Hlutfall kostnaðar af tekjum á tímabilinu var 47%, samanborið við 34% á sama tímabili 2006. Markmið samstæðunnar er að halda kostnaðarhlutfallinu fyrir neðan 45% á ársgrundvelli.

Reiknaður tekjuskattur nemur 1.408 m.kr., samanborið við 2.083 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2006.

1.2. Helstu niðurstöður efnahagsreiknings

Eignir

Heildareignir Glitnis námu 2.256 milljörðum króna í lok mars 2007 og hafa vaxið um 0,4% eða 9,6 milljarða frá árslokum 2006.

Sjóðsígildi og innstæður í Seðlabanka námu 27 milljörðum króna í lok fyrsta ársfjórðungs en voru 20 milljarðar króna í lok ársins 2006.

Lán og kröfur námu 1.676 milljörðum króna í lok mars og höfðu minnkað um 4,8% á tímabilinu. Um 53% af heildarútlánum Glitnis í lok mars eru til viðskiptavina utan Íslands. Lán til annarra en lánastofnana námu 1.521 milljörðum króna og lækkuðu um 85 milljarða eða 5,6% á fjórðungnum, útlán á gangvirði hjá BNbank eru meðtalin.

Veltufjáreign nam 216 milljörðum króna og hafði lækkað um 5% fyrstu þrjú mánuði ársins. Skuldabréfaeign nam 85,4 milljörðum, þar af voru 83,9 milljarðar króna til varnar afleiðusamningum við viðskiptamenn og var hrein eign því 1,5 milljarður króna. Hlutabréfaeign nam 63,4 milljörðum króna, þar af voru 54,3 milljarðar króna til varnar afleiðusamningum og var hrein staða því 9,1 milljarður króna. Jákvæð staða afleiða nam 67 milljörðum króna.

Aðrar fjáreignir á gangvirði námu 276 milljörðum króna. Vaxtaáhætta þessara fjáreigna er varin með vaxtaafleiðum sem einnig færast á gangvirði.

Fjáreignir til sölu námu 3,8 milljörðum króna, samanborið við 3,7 milljarða í upphafi árs. Afleiðusamningar vegna áhættuvarna námu 5,3 milljörðum en voru 5,7 milljarðar í lok árs 2006.

Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum námu 4,5 milljörðum.

Rekstrarfjármunir námu 4 milljörðum og jukust um 23% á ársfjórðungnum. Óefnislegar eignir jukust um 8% og námu 19,7 milljörðum.

Skatteign bankans hækkaði úr 264 m.kr. í lok ársins 2006 í 288 m.kr. í lok mars 2007.

Fastafjármunir til sölu voru 424 m.kr. í lok fyrsta ársfjórðungs og hafa hækkað um 3,7% á árinu.

Aðrar eignir námu 23.635 m.kr. í lok 1. ársfjórðungs, en voru 1.314 m.kr. í byrjun ársins.

Skuldir og eigið fé

Innlán námu alls 498 milljörðum króna 31. mars 2007, þar af námu innlán frá fjármálafyrirtækjum 65 milljörðum. Á fjórða ársfjórðungi byrjaði bankinn að taka við innlánnum í gegnum útibú sitt í London og námu innlán í Bretlandi 53 milljörðum króna. Um er að ræða heildsöluinnlán til allt að þriggja ára.

Lántaka alls nam 1.482 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs. Þar af námu víkjandi lán um 102 milljörðum.

Veltufjárskuldir námu 63 milljörðum króna, aukning frá 52 milljörðum króna frá því 1. janúar 2007.

Afleiðusamningar vegna áhættuvarna námu 13 milljörðum króna, minnkun frá 14 milljörðum króna á tímabilinu.

Aðrar skuldir hækkuðu úr 20 milljörðum króna í upphafi árs í 38 milljarða í lok 1. ársfjórðungs.

Eigið fé bankans nam 153 milljörðum króna í lok mars 2007 og jókst um 7 milljarða á fyrstu þremur mánuðum ársins. Hlutfé var aukið um 616 milljónir á genginu 24,80 á hlut vegna kaupa á FIM Group Oy og arðgreiðslu í formi hluta í mars. Þá lækkaði óvarin staða í erlendum dótturfélögum eigið fé um 2,9 milljarða sem reiknast til eigin fjár á árinu.

Vegna upptöku alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna eru eigin hlutabréf sem áður voru færð til eignar í veltubók nú færð til lækkunar á eigin fé. Sú breyting hefur ekki áhrif á eiginfjárhlutfall á CAD-grunni.

Eiginfjárhlutfall á CAD grunni var 14,2% í lok mars 2007. Þar af var eiginfjárpáttur A 11,6%. Veiking íslensku krónunnar um 10% myndi leiða til um það bil 0,30 til 0,45% prósentustiga lægra eiginfjárhlutfalls á CAD grunni.

Eignir í stýringu námu 541 milljarði króna í lok árs og jukust um 10% á árinu. FIM Group verður hluti af samstæðureikningi frá og með 1. apríl 2007 en félagið hefur 3,1 milljarð evra eigna í stýringu (275 milljarðar króna), og munu eignir í stýringu aukast um 50%.

Eignir í vörslu námu 817 milljörðum króna þann 31. mars 2007, aukning um 17% á árinu.

2. Fjármögnun og lausafjárstaða


Fjármögnun Glitnis gekk vel á 1. ársfjórðungi og nam alls 2 milljörðum evra hjá móðurfélaginu. Um var að ræða þrjár vel heppnaðar skuldabréfaútgáfur. Í byrjun janúar stóð Glitnir fyrir stærstu skuldabréfaútgáfu bankans til þessa, þegar seld voru 1,25 milljarðar bandaríkjadala af 5 ára skuldabréfum til fjárfesta í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu. Síðar í sama mánuði gaf Glitnir út 500 milljón evra skuldabréf á föstum vöxtum til þriggja ára en það var í fyrsta sinn sem íslenskur banki sótti fjármagn á Evrópumarkað með þessum hætti frá því síðla árs 2005. Í febrúar gaf bankinn síðan út skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir sterlingspunda sem beint var að breskum fjárfestum. Allar þessar skuldabréfaútgáfur hafa gengið vel á eftirmarkaði og verðþróunin sýnir lækkandi álag yfir skuldatryggingar bankans.

Fjármögnun hefur einnig gengið vel á 2. ársfjórðungi. Að loknum tveimur skuldabréfaútgáfum í Bandaríkjunum nemur heildarfjármögnun á fjórðungnum um 1 milljarð bandaríkjadollara. Glitnir hefur þannig lokið endurfjármögnun ársins en endurfjármögnunarpörfin nam 2,7 milljörðum evra.

BNbank, dótturfélag Glitnis í Noregi, er einn stærsti útgefandi skuldabréfa á norska fjármálamarkaðnum. Á 1. ársfjórðungi hefur BNbank gefið út skuldabréf að andvirði 1,4 milljarða

norskra króna. Auk þess tók BNbank sambankalán til 5 ára að fjárhæð 150 milljónir evra. Sú lántaka gekk vel og nam umframefirspurn um 50%.

Starfsemi Glitnis á peningamarkaði í London hefur gengið afar vel en hún hófst í október síðastliðnum. Nú nema innlán í London yfir 1 milljarði evra. Lánstími innlánanna er frá 3 mánuðum til 4 ára en meðallíftími þeirra er um 1 ár.



Lausafjárstefna Glitnis felur í sér að hafa á hverjum tíma laust fé til að tryggja endurgreiðslu á öllum skuldum móðurfélagsins sem eru á gjalddaga innan 6 mánaða. Að viðbættum auðseljanlegum fjáreignum er stefnan að tryggja endurgreiðslu á þeim skuldum sem eru á gjalddaga innan 12 mánaða. Myndin hér að ofan sýnir lausafjárstöðu móðurfélagsins í lok mars.

Eiginfjárstaða bankans er afar sterk. Á CAD grunni er eiginfjárlutfall bankans 14,2% í lok 1. ársfjórðungs, þar af er eiginfjárlutfall A 11,6%. Markmið bankans er að viðhalda sterkri eiginfjárstöðu og líklegt er að til skamms tíma verði eiginfjárlutföll hærri en langtímamarkmið bankans.

3. Lykiltölur


	1. ársfj. 2007	1. ársfj. 2006	2006	2005
Meðalstaða heildarjármagns (m.kr.)	2.253.317	1.528.152	1.845.648	1.162.177
Eigið fé í lok tímabils (m.kr.)	153.411	111.370	146.119	84.537
Eiginfjárlutfall CAD	14,2%	12,1%	15,0%	12,6%
Eiginfjárlutfall A	11,6%	9,2%	10,8%	9,9%
Hagnaður fyrir skatta (m.kr.)	8.416	11.181	46.255	23.060
Hagnaður eftir skatta (m.kr.)	7.008	9.098	38.231	18.886
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	20,5%	42,0%	39,4%	30,3%
Hagnaður á hlut (kr.)	0,46	0,66	2,68	1,48
Meðalstöðugildi	1.546	1.216	1.392	1.216
Vaxtamunur	1,4%	2,0%	2,0%	1,9%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu heildarjárm.	1,5%	1,5%	1,5%	1,4%
Kostnaðarhlutfall	47,4%	34,0%	37,6%	36,2%
Virðisrýmun útlána og krafna				
- hlutfall af meðalstöðu heildarjármagns	0,2%	0,4%	0,3%	0,2%
- hlutfall af lánum, kröfum & ábyrgðum í lok tímab.	0,3%	0,4%	0,3%	0,2%

4. Rekstur afkomusviða

Glitnir tilkynnti skipulagsbreytingar í febrúar 2007 og verður uppgjör bankans framvegis birt samkvæmt viðskiptaeiningum: Viðskiptabankasvið Ísland, Viðskiptabankasvið Noregur, Fyrirtækjasvið, Fjárfestingabankasvið, Eignastýring, Markaðsviðskipti og Fjárstýring. Einnig er skipt eftir landssvæðum: Ísland, Norðurlönd (að Danmörku undanskilinni), Evrópa (að Danmörku meðtaldri) og Alþjóðasvið. Tölur fyrir árin 2005 og 2006 hafa ekki verið uppfærðar til samræmis við nýtt skipulag, að undanskildum tölum fyrir Eignastýringu og Einkabanka fyrir árið 2006 sem hafa verið færðar undir nýtt svið: Eignastýringarsvið.

m.kr.	Viðskipta- bankasvið Ísland	Viðskipta- bankasvið Noregur	Fyrirtækja- svið	Fjárfestinga- bankasvið	Eignastýrin- ga-svið	Markaðs- viðskipti	Fjárstýring	Önnur starfsemi	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	3.485	1.572	2.484	-174	104	246	1.148	-922	7.943
Hreinar þjónustutekjur	976	159	485	1.547	899	3.355	-79	-45	7.298
Gengismunur og arður	0	10	532	1.120	6	478	56	711	2.914
Aðrar rekstrartekjur	191	102	-21	0	3	528	-55	-689	59
Hreinar rekstrartekjur	4.652	1.844	3.481	2.494	1.012	4.607	1.069	-945	18.213
Rekstrarkostnaður	-2.781	-920	-1.014	-553	-645	-2.212	-147	-366	-8.637
Virðisrýmum	65	-45	-1.214	-3	-37	7	0	-5	-1.232
Aðrar tekjur	0	55	0	0	0	0	0	17	72
Hagnaður fyrir skatta	1.936	934	1.252	1.938	330	2.402	922	-1.298	8.416

Hagnaður fyrir skatta meðal afkomueininga



Hagnaður af annarri starfsemi var neikvæður um 1.298 m.kr. sem skýrist af framlagi hagnaðar hlutdeildarfélaganna og annarra þátta utan afkomusviða.

Rekstrarkostnaði við stuðningsstarfsemi og yfirstjórn er að fullu deilt niður á afkomusviðin.

4.1. Viðskiptabankasvið á Íslandi

m.kr.	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006
Hreinar vaxtatekjur	3.485	4.607	4.157	3.837	3.451
Hreinar þjónustutekjur	976	1.004	821	678	713
Gengismunur og arður	0	26	12	27	0
Aðrar rekstrartekjur	191	146	11	14	70
Hreinar rekstrartekjur	4.652	5.782	5.000	4.556	4.233
Rekstrarkostnaður	-2.781	-2.783	-1.939	-2.359	-2.258
Virðisrýmun útlána og krafna	65	-384	-401	-1.157	-844
Aðrar tekjur/(gjöld)	0	-3	0	85	0
Hagnaður fyrir skatta	1.936	2.612	2.660	1.125	1.131

Afkoma allra eininga viðskiptabankasviðs á Íslandi var góð á 1. ársfjórðungi. Hagnaður fyrir skatta var 1,9 milljarðar króna samanborið við 1,1 milljarð á sama tíma 2006. Hagnaður hjá öllum tekjusviðum viðskiptabankasviðs var yfir væntingum. Afkoman á 1. ársfjórðungi var hins vegar 677 milljónum lægri en á 4. ársfjórðungi síðasta árs sem rekja má til lægri vaxtatekna, en í árslok var lánasafn fyrirtækjasviðs á Íslandi fært yfir til alþjóðasviðs. Lægri vaxtatekjur má einnig rekja til vaxtahagnaðar hjá flestum tekjusviðum. Aðrar rekstrartekjur, 191 m.kr., má að mestu skýra með einskíptishagnaði hjá Kreditkortum hf. Afskriftir lána hækkuðu vegna afturköllunar afskrifta sem bókaða voru sem kostnaður í tengslum við yfirfærslu lánasafnsins eins og minnst er á hér að ofan. Í heildina einkenndist 1. ársfjórðungur af stöðugri eftirspurn eftir lánsfé. Eftirspurn eftir veðlánnum var ekki mikil frekar en á 4. ársfjórðungi 2006 sem má rekja til þess að rólegt var á fasteignamarkaði. Tekjur vegna annarrar þjónustu á fjórðungnum voru í samræmi við væntingar. Horfur á 2. ársfjórðungi eru góðar en búist er við hægfara aukningu útlána. Búist er við áframhaldandi harðri samkeppni á lánamarkaði og fyrir séð að þrýstingur verður á vaxtalækkun þar sem efnahagslífið hægir á sér.

Á fjórðungnum var nýtt útibú, „Útibú framtíðar“ opnað í höfuðstöðvum Glitnis að Kirkjusandi. Útibúið er hannað með það fyrir augum að skerpa enn frekar á hlutverki bankans sem þjónustufyrirtækis sem býður sölu og ráðgjöf í tengslum við fjármál fyrirtækja og einstaklinga. Nýja útibúinu var mjög vel tekið af viðskiptavinum og starfsmönnum. Gera á sams konar breytingar á útibúum Glitnis á næstu 2-3 árum.

m.kr.	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006
Fyrirtækjasvið Ísland	999	1.276	825	571	467
Eignafjármögnun	163	356	336	281	235
Útibúasvið	592	870	1.433	274	429
Kreditkort	182	110	66	0	0
Hagnaður fyrir skatta	1.936	2.612	2.660	1.125	1.131

Lán og kröfur á viðskiptabankasviði námu alls 507 milljörðum króna í lok mars 2007. Lán á útibúasviði námu 270 milljörðum, á fyrirtækjasviði á Íslandi 190 milljörðum, í eignafjármögnun 42 milljörðum króna og Kreditkort hf. 5 milljörðum króna.

Innlend innlán á viðskiptabankasviði námu 147 milljörðum á fyrsta ársfjórðungi.

Hagsauki viðskiptabankasviðs nam 634 m.kr. á 1. ársfjórðungi. Alls voru 571 starfsmenn í fullu starfi hjá sviðinu í lok fyrsta ársfjórðungs.

Eignastýring og einkabankþjónusta falla nú undir eignastýringarsvið, nýtt svið sem sett var á laggimar í febrúar 2007 þegar nýtt skipurit bankans var kynnt.

Útibúasvið

Hagnaður útibúasviðsins fyrir skatta á fyrsta ársfjórðungi var 592 m.kr. samanborið við 429 m. kr. á sama tíma 2006. Heildartekjur útibúasviðsins voru 2.676 m.kr., rekstrarkostnaður nam 1.965 m.kr. og virðisrýrnun 119 m.kr.

Útlán á útibúasviði námu 270 milljörðum í lok 1. ársfjórðungs. Útlán jukust um 5,5 milljarða á tímabilinu. Fasteignalán til einstaklinga endurspegluðu 1,7 milljarða króna af aukningunni en önnur lán 3,6 milljarða. Heildarinnlán námu 147 milljörðum króna í lok mars og sýnir aukningu sem nemur 12,2 milljörðum.

Hinn 18. mars var opnað nýtt útibú að Kirkjusandi. Við hönnun nýja útibúsins var lögð áhersla á sölu- og ráðgjafþjónustu en þess konar þjónusta er orðin eitt helsta hlutverk útibúa bankans. Nýja útibúinu var vel tekið af viðskiptavinum og starfsmönnum. Öðrum útibúum Glitnis verður breytt samkvæmt nýju hönnuninni á næstu tveimur til þremur árum.

Heildarfjöldi starfsfólks í fullu starfi var 420 í lok mars.

Eignafjármögnun

Hagnaður eignafjármögnunar fyrir skatta á fyrsta ársfjórðungi voru 163 milljónir samanborið við 235 m.kr. á sama tímabili 2006. Heildartekjur eignafjármögnunar voru 402 milljónir á 1. ársfjórðungi, rekstrarkostnaður nam 260 milljónum og bakfærsla vegna virðisrýrnunar nam 21 m.kr.

Eftirspurn var mikil á 1. ársfjórðungi og ný lán námu 4,4 milljörðum eða 300 m.kr. meira en á 1. ársfjórðungi 2006. Aukningin varð þrátt fyrir mikinn samdrátt í sölu nýrra bíla á fjórðungnum. Atvinnuhúsnæðislán hafa vaxið umtalsvert frá sama tímabili í fyrra og er búist við áframhaldandi vexti út þetta ár. Á ársfjórðungnum voru gerðar skipulagsbreytingar sem ætlað er að yta undir vöxt og efla sölu og hagkvæmni í rekstri sviðsins. Minni hagnað en á sama tíma í fyrra má að mestu rekja til breytinga á útreikningum eiginfjárbindingar innan bankans.

Heildarfjöldi starfsfólks í fullu starfi var 36 í lok fyrsta ársfjórðungs.

Fyrirtækjasvið Ísland

Tekjur af reglulegri starfsemi fyrirtækjasviðs á fjórðungnum voru svipaðar og á sama tímabili síðasta árs. Hagnaður fyrirtækjasviðs fyrir skatta á fyrsta ársfjórðungi var 999 m.kr. samanborið við 467 m.kr. á fyrsta fjórðungi síðasta árs. Heildartekjur voru 1.034 milljónir, rekstrarkostnaður nam 221 milljónum og bakfærsla vegna virðisrýrnunar nam 186 m.kr.

Þessa niðurstöðu má rekja til tilfærslu reikninga frá fyrirtækjasviði á Íslandi til fyrirtækjasviðs og endurmati á ráðstöfunum vegna afskrifta. Meiri ró var yfir mörkuðum á 1. ársfjórðungi eftir lífligan 4. ársfjórðung síðasta árs en þá bættust við nýir viðskiptavinir og samningar í útlánasafn bankans.

Heildarfjöldi starfsfólks í fullu starfi var 19 í lok fyrsta ársfjórðungs.

4.2. Viðskiptabankasvið í Noregi

m.kr.	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006
Hreinar vaxtatekjur	1.572	1.894	1.824	2.023	1.454
Hreinar þjónustutekjur	159	247	189	-25	25
Gengismunur og arður	10	-268	-244	-38	68
Aðrar rekstrartekjur	102	36	2	51	7
Hreinar rekstrartekjur	1.844	1.908	1.770	2.011	1.554
Rekstrarkostnaður	-919	-951	-906	-720	-655
Virðisrýmun útlána og krafna	-45	21	-28	-51	-10
Aðrar tekjur/(gjöld)	55	0	0	-12	12
Hagnaður fyrir skatta	934	978	837	1.228	901

Hagnaður fyrir skatta af viðskiptabankasviði Glitnis í Noregi á 1. ársfjórðungi nam 934 milljónum króna samanborett við 901 milljón á sama tímabili í fyrra. Tekjur af reglulegri starfsemi á fjórðungnum nam 1.844 milljónum króna, rekstrarkostnaður nam 919 milljónum króna og virðisrýmun nam 45 milljónum króna. Heildarútlán námu 582 milljörðum króna. Í lok 1. ársfjórðungs störfuðu 177 manns í fullu starfi hjá viðskiptabankasviði Glitnis í Noregi.

Nánara samstarf milli Glitnir Bank ASA og BNbank hefur leitt til þess að aðrar tekjur hafa aukist á ársfjórðungnum. Þannig tekur Glitnir Bank meiri þátt í vaxtaskiptasamningum og gjaldeyrisviðskiptum gagnvart viðskiptavinum BNbank.

Morten Bjørnsen (47), sem nú gegnir stöðu framkvæmdastjóra hjá Fokus Bank í Noregi, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri yfir viðskiptabankastarfsemi Glitnis í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Hann mun bera ábyrgð á starfsemi Glitnis í Noregi auk þess að hafa með höndum samhæfingu á starfsemi bankans í Svíþjóð og Finnlandi.

BNbank

Hagnaður BNbank fyrir skatta var 542 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi samanborett við 641 m.kr. á sama tímabili í fyrra. Rekstrartekjur bankans námu 1.077 milljónum á ársfjórðungnum, rekstrargjöld 557 milljónum og virðisrýmun um 33 milljónir. Heildarútlán námu 45,9 milljörðum norskra króna.

BNbank leggur enn áherslu á lága útlánaáhættu fram yfir vöxt útlána á fasteignamarkaði sem einkennist öðru fremur af metveldu en afar lágri framlegð. Vanskil lána eru enn mjög lítil en lán í meira en þriggja ára vanskilum námu 0,15% af heildarútlánnum bankans.

BNbank hyggst kynna aukið vöruframboð sem beinist að ákveðnum markhópi viðskiptavina. Nýtt vöruframboð er í takt við þá stefnu BNbank að veita veðlán og önnur tryggð lán. Á 1. ársfjórðungi lagði bankinn áherslu á smásölumarkaðinn með nýjum og sveigjanlegri veðlánnum sem tryggir viðskiptavinum lánalínu sem þeir geta nýtt sér í gegnum netbanka BNbank.

Í lok mars störfuðu 112 manns hjá BNbank.

Glitnir Bank ASA

Hagnaður Glitnir Bank ASA fyrir skatta nam 260 milljónum króna á 1. ársfjórðungi samanborið við 250 m.kr. á 1. ársfjórðungi 2006. Rekstrartekjur námu 519 milljónum króna á tímabilinu og rekstrarkostnaður nam 249 milljónum króna.

Lánasafn Glitnir Bank ASA jókst um NOK 609 milljónir, eða 15,4%, á síðastliðnum 12 mánuðum, og nemur NOK 4.572 milljónum í lok 1. ársfjórðungs. Glitnir Bank ASA hefur einnig haft forgöngu um lán fyrir Glitnir banka í Reykjavík fyrir um NOK 3.690 milljónir. Þar af leiðandi var lánavelta bankans í lok 1. ársfjórðungs NOK 8.262 milljónir.

Vöxtur Glitnir Factoring, dótturfélags Glitnir Bank ASA, hefur aukist á árinu 2007 með góðri afkomu í flæði viðskiptakrafna, veltu og hagnaði. Félagið höndlaði með viðskiptakröfur að verðmæti 1.267 milljón norskra króna sem samsvarar 24,5% hækkun miðað við sama tíma í fyrra.

Alls störfuðu 64 manns í fullu starfi hjá Glitnir Bank ASA í lok ársfjórðungs 2007, þar af starfa 22 hjá Glitnir Factoring.

4.3. Markaðsviðskipti Glitnis

m.kr.	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006
Hreinar vaxtatekjur	246	999	837	896	365
Hreinar þjónustutekjur	3.355	5.328	2.490	3.262	2.131
Gengismunur og arður	478	697	-281	417	507
Aðrar rekstrartekjur	528	72	64	69	5
Hreinar rekstrartekjur	4.607	7.096	3.109	4.644	3.007
Rekstrarkostnaður	-2.212	-2.939	-1.681	-1.329	-785
Virðisrýmum útlána og krafna	7	0	-7	0	0
Aðrar tekjur/(gjöld)	0	0	0	0	0
Hagnaður fyrir skatta	2.402	4.157	1.420	3.315	2.222

Í byrjun febrúar tilkynnti Glitnir að bankinn hygðist kaupa FIM Group í Finnlandi. Í lok 1. ársfjórðungs gengu kaupin samkvæmt áætlun. Kaupin á FIM munu styrkja stöðu Glitnis á fjármálamörkuðum Norðurlanda og mun bankinn ná fótfestu á markaði í Rússlandi í gegnum skrifstofu FIM í Moskvu. Þegar velta FIM hefur bæst við veltu Glitnis er Glitnir næststærsti aðillinn á norrænum eignastýringamarkaði.

Hlutdeild Glitnis (ásamt FIM) í hlutabréfaviðskiptum á Norðurlöndum var 25,6% á Íslandi, 6,66% í Finnlandi, 6,28% í Svíþjóð, 5,63% í Noregi og 3,24% í Danmörku. Heildarmarkaðshlutdeild Markaðsviðskipta Glitnis (í miðlun á hlutabréfum, skuldabréfum og afleiðum) var 6,05% á 1. ársfjórðungi og hafði aukist frá 0,8% frá sama tíma í fyrra. Þar með er Glitnir annar stærsti miðlarinn á norræna markaðnum á 1. ársfjórðungi.

m.kr.	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006
Markaðsviðskipti Reykjavík	2.017	3.069	1.115	2.361	2.082
Markaðsviðskipti Noregur	417	1.079	391	1.004	204
Markaðsviðskipti Svíþjóð	109	121	11	0	0
Annað	-141	-111	-97	-49	-64
Hagnaður fyrir skatta	2.402	4.157	1.421	3.315	2.222

Nafni UNION Group, sem er leiðandi í sölu, ráðgjöf og samsetningu viðskipta með atvinnuhúsnæði í Noregi, var breytt í Glitnir Property Group á 1. ársfjórðungi. Um miðjan apríl tilkynntu Glitnir Property Group og sænska fasteignaráðgjafafyrirtækið Leimdörfer fyrirhugaða sameiningu. Sameinað félag, sem fengið hefur heitið Glitnir Property Holding, er að 70% í eigu Glitnis en 30% eru í eigu fyrverandi eigenda Glitnir Property Group og Leimdörfer. Sameiningin er háð samþykki þar til bærra yfirvalda í Svíþjóð og á Íslandi. Glitnir Property Holding stefnir að leiðandi stöðu í miðlun og ráðgjöf á norrænum fasteignamarkaði.

Hagsauki markaðsviðskipta var 1.844 m.kr. á 1. ársfjórðungi.

Í lok mars störfuðu alls 211 manns hjá markaðsviðskiptum á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð.

Markaðsviðskipti í Reykjavík

Hagnaður markaðsviðskipta í Reykjavík fyrir skatta nam 2.017 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2007, samanborið við 2.082 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Rekstrartekjur námu 2.624 m.kr. og rekstrarkostnaður 614 m.kr. Afskriftir Markaðsviðskipta í Reykjavík voru jákvæðar um 7 m.kr.

Þrátt fyrir stöðugleika á markaði var afkoma gjaldeyrisviðskipta áfram góð á 1. ársfjórðungi. Viðskipti með hlutabréf og skuldabréf héldu stöðu sinni en markaðsviðskipti Glitnis eru önnur stærst á markaðnum, með 25,6% markaðshlutdeild í hlutabréfum og 24,1% hlutdeild í skuldabréfum. Bæði viðskipti með hlutabréf og skuldabréf nutu góðs af umfangsmikilli samvinnu við svið afleiðuviðskipta en afleiðuviðskipti jukust á fjórðungnum vegna aukinnar fjölbreytni í þjónustuframboði. Markaðsviðskipti í Reykjavík gengust undir gagngera endurskipulagningu á fjórðungnum sem rennir stöðum undir sjálfbæran vöxt og bættu afkomu til lengri tíma.

Í lok ársfjórðungsins störfuðu 40 starfsmenn hjá einingunni.

Markaðsviðskipti í Noregi

Glitnir Securities ASA

Glitnir Securities skilaði 215 milljóna króna hagnaði fyrir skatta á 1. ársfjórðungi samanborið við 204 milljónir króna á sama tíma í fyrra en fjöldi viðskipta og velta var auk þess meiri. Rekstrartekjur námu 987 milljónum króna og rekstrarkostnaður 772 milljónum. Fyrirtækjaráðgjöf Glitnir Securities er nú færð sem hluti af Fjárfestingabankasviði og nam hagnaður einingarinnar fyrir skatta, 114 milljónum króna af heildarhagnaði Glitnir Securities.

Hlutabréfaviðskipti Glitnir Securities voru stöðug á 1. ársfjórðungi samanborið við sama fjórðung í fyrra. Helstu verkefni á sviði fyrirtækjafjármögnunar var skráning Copeinca ASA og REM Offshore

ASA í Kauphöllinni í Ósló og ráðgjöf vegna hennar. Ráðgjöf á sviði fjárfestinga óx samanborið við sama fjórðung í fyrra.

Glitnir Securities sameinaðist Union Corporate á 1. ársfjórðungi 2007 og lauk skipulagsbreytingum. Glitnir Securities býður nú alhliða þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta, markaðsrannsóknna hlutabréfa og fyrirtækja- og fjárfestingaráðgjafar.

Alls störfuðu 67 manns hjá Glitnir Securities við lok 1. ársfjórðungs.

Glitnir Property Group

Hagnaður Glitnir Property Group fyrir skatta nam 536 milljónum króna á 1. ársfjórðungi. Rekstrartekjur námu 683 milljónum króna og rekstrarkostnaður 147 milljónum. Afkoma félagsins á 1. ársfjórðungi endurspeglar árstíðabundnar sveiflur í starfseminni, hagfelldar markaðsaðstæður og mikil viðskipti á öllum sviðum starfseminnar. Union Eiendomskapital er nú fært sem hluti af Fjárfestingabankasviði og var hagnaður félagsins fyrir skatt 248 milljónum af heildarhagnaði Glitnir Property fyrir skatta.

Starfsmenn Glitnir Property Group í fullu starfi voru 26 við lok fjórðungsins.

Markaðsviðskipti í Svíþjóð

Glitnir AB

Hagnaður Glitnir AB í Svíþjóð fyrir skatta nam 109 milljónum króna á 1. ársfjórðungi. Rekstrartekjur námu 731 milljón króna og rekstrarkostnaður 622 milljónum. Glitnir AB í Svíþjóð varð hluti af samstæðureikningi Glitnis frá og með 1. júlí 2006.

Síðastliðna mánuði hefur Glitnir AB lagt mikla vinnu í að styrkja grundvöll frekari vaxtar. Nýr framkvæmdastjóri hóf störf 2. janúar 2007 og ráðið hefur verið í lykilstöður innan félagsins. Verðbréfamiðlun félagsins hefur verið skipt upp í tvö svið, miðlun fyrir einstaklinga annars vegar og stofnanafjárfesta hins vegar. Hafa framkvæmdastjórar verið ráðnir fyrir hvort svið.

Hinn 31. mars voru 76 starfsmenn í fullu starfi hjá Glitnir AB í Svíþjóð

4.4. Fyrirtækjasvið

m.kr.	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006
Hreinar vaxtatekjur	2.484	2.965	2.362	2.444	1.965
Hreinar þjónustutekjur	485	847	497	539	599
Gengismunur og arður	532	-16	20	25	193
Aðrar rekstrartekjur	-21	24	4	10	1
Hreinar rekstrartekjur	3.481	3.821	2.883	3.017	2.758
Rekstrarkostnaður	-1.014	-1.012	-967	-978	-848
Virðisrýrnun útlána og krafna	-1.214	-1.416	183	-159	-453
Aðrar tekjur/(gjöld)	0	0	0	0	0
Hagnaður fyrir skatta	1.252	1.393	2.100	1.880	1.456

Afkoma af rekstri fyrirtækjasviðs var góð á 1. ársfjórðungi en hagnaður jókst um 26% miðað við sama tíma í fyrra. Einingar fyrirtækjasviðs í Bretlandi og Suður-Evrópu sýndu metafermi þegar horft er til vaxtatekna og þjónustugjalda/umboðsgjalda. Afskriftir höfðu þó neikvæð áhrif á afkomu fjórðungsins en 1.214 m.kr. voru lagðar á afskriftareikning. Þessar ráðstafanir eru bæði almennar, vegna umtalsverðs stærra lánasafns, og sértækar, sem má rekja til einstakra tilfella, aðallega skuldsettrar yfirtöku. Reiknað er með að afskriftir muni lækka það sem eftir er ársins.

Yfirfærsla á lánasafni frá viðskiptabankasviði á Íslandi til fyrirtækjasviðs hefur aukið væntanleg viðskipti og tryggt betri þjónustu fyrir lykilviðskiptavinum bankans. Horfur fyrir 2007 eru góðar en búist er við áframhaldandi vexti á kjörsviðum bankans og landfræðilegum starfssvæðum.

Útlánasafnið var 306 milljarðar króna í lok 1. ársfjórðungs sem er aukning úr 386 milljörðum í árslok 2006.

Alls störfuðu 81 á fyrirtækjasviði í lok mars og 19 á alþjóðasviði bankans.

Hagsauki Fyrirtækjasviðs var neikvæður um 11 m.kr. á 1. ársfjórðungi.

4.5. Fjárfestingabankasvið

m.kr.	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006
Hreinar vaxtatekjur	-174	-122	-66	-114	-72
Hreinar þjónustutekjur	1.547	2.646	1.006	621	1.581
Gengismunur og arður	1.120	893	423	102	917
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0	0	0
Hreinar rekstrartekjur	2.494	3.416	1.364	609	2.426
Rekstrarkostnaður	-553	-775	-305	-181	-425
Virðisryrnun útlána og krafna	-3	62	-64	-5	-18
Aðrar tekjur/(gjöld)	0	0	0	0	0
Hagnaður fyrir skatta	1.938	2.703	995	423	1.983

Fyrsti ársfjórðungur var góður hjá fjárfestingabankasviði. Heildarrekstrartekjur námu 2.494 m.kr. og var hagnaður fyrir skatta 1.938 m.kr.

Þóknarir námu 1.547 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi. Sviðið skráði söluhagnað af skráðum hlutabréfum á 1. ársfjórðungi upp á 99 m.kr. og 1.022 m.kr. hagnað af tekjum annarra eigna að gangvirði. Útkoman var hagnaður upp á 1.121 m.kr. vegna hlutabréfa á 1. ársfjórðungi.

Sviðið lokaði nokkrum samningum á fyrsta ársfjórðungi. Á Íslandi var söluferlum nokkurra smárra og meðalstórra fyrirtækja lokað, í Noregi var útboði á REM Offshore lokið og skráningu á Copeinca á norsku kauphöllina.

Verkefnastaðan er góð, þar sem unnið er að nokkrum verkefnum sem áætlað er að ljúki á næstu mánuðum.

Hagsauki Fjárfestingabankasviðs nam 1.372 m.kr. á 1. ársfjórðungi.

Alls störfuðu um 31 manns á sviðinu í lok mars.

4.6. Eignastýring

m.kr.	2007 1. ársfj.	2006 4. ársfj.	2006 3. ársfj.	2006 2. ársfj.	2006 1. ársfj.
Hreinar vaxtatekjur	104	244	170	163	141
Hreinar þjónustutekjur	899	680	403	503	565
Gengismunur og arður	6	8	-3	-5	-30
Aðrar rekstrartekjur	3	4	3	4	4
Hreinar rekstrartekjur	1.012	937	572	664	680
Rekstrarkostnaður	-645	-636	-376	-397	-309
Virðisrýrnun útlána og krafna	-37	91	-1	-1	-85
Aðrar tekjur/(gjöld)	0	0	0	0	0
Hagnaður fyrir skatta	330	392	195	267	286

Eignastýringarsvið er ný eining sem var sett á laggirnar í febrúar þegar nýtt skipurit var kynnt. Afkomusviðið samanstendur af Eignastýringu á Íslandi, Einkabanka á Íslandi og í Lúxemborg auk Union Eiendomskapital í Noregi. Frá og með 1. apríl verður FIM Group hluti af sviðinu. Tölur frá árinu 2006 er afkoma Eignastýringar og Einkabanka á Íslandi.

Fyrsti ársfjórðungur einkenndist af góðri afkomu innlends hlutabréfamarkaðar og háum skammtímavöxtum. Hins vegar var velta í hlutabréfaviðskiptum viðskiptavina minni en á 1. ársfjórðungi 2006, sem skilaði lægri þóknunartekjum. Ávöxtun verðbréfa- og fjárfestingasjóða var áfram góð, bæði í samanburði viðmið og sambærilega sjóði. Innflæði fjármagns frá einstaklingum inn í Einkabanka- og Eignastýringarþjónustur var áfram góð á ársfjórðungnum.

Í lok 1. ársfjórðungs hafði UNION Eiendomskapital AS, dótturfélag Glitnir Property Group, fasteignir í stýringu að verðmæti NOK 7.553 milljónum (fasteignasjóðir og samvinnuverkefni).

Hagsauki Eignarstýringarsviðs nam 62 m.kr. á 1. ársfjórðungi og alls störfuðu um 78 manns á fjárfestingabankasviði í lok mars.

4.7. Fjárstýring


m.kr.	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006
Hreinar vaxtatekjur	1.148	-1.436	551	2.438	475
Hreinar þjónustutekjur	-79	-91	-96	-61	-49
Gengismunur og arður	56	917	889	698	160
Aðrar rekstrartekjur	-55	0	0	0	0
Hreinar rekstrartekjur	1.069	-610	1.345	3.076	586
Rekstrarkostnaður	-147	104	-47	-88	-79
Virðisrýrnun útlána og krafna	0	0	0	0	0
Aðrar tekjur/(gjöld)	0	0	0	0	0
Hagnaður fyrir skatta	922	-505	1.298	2.988	507

Hagsauki fjárstýringar var 283 m.kr. á 1. ársfjórðungi.

4.8. Önnur starfsemi

Hagnaður af annarri starfsemi var neikvæður um -1.298 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2007. Undir aðra starfsemi falla óreglulegar tekjur og gjöld sem ekki er dreift á afkomusvið. Aðrar tekjur að frádregnum rekstrarkostnaði, skýrast m.a. af hagnaði hlutdeildarfélaganna, ýmsum kostnaði sem ekki er dreift á önnur afkomusvið og söluhagnaði af fastafjármunum.

5. Afkoma eftir landfræðilegri skiptingu



	Q1 2007	Q1 2006
ÍSLAND	4.837	6.415
NORÐURLÖND	1.789	1.041
EVROPA	1.446	
UTAN EVRÓPU	344	
Óflokkað árið 2006		3.725
Hagnaður fyrir skatta	8.416	11.181

5.1. Alþjóðasvið

Alþjóðasvið er ábyrgt fyrir starfsemi á sviði endurnýtanlegrar orku og fyrirtækja- og fjárfestingabankastarfsemi utan Evrópu. Nýtt svið, sem tilkynnt var með skipulagsbreytingum sem gerðar voru í febrúar, mun starfa að því út árið að byggja upp skrifstofur í New York, Halifax, Shanghai og Reykjavík og bæta nýjum liðsmönnum um borð.

Alþjóðlegt starfslið Glitnis í Asíu og Ameríku mun halda arðsömum vexti fyrirtækja- og fjárfestingasviðs bankans áfram en Glitnir hefur lagt grunn að áframhaldandi vexti á sérsviðum bankans og í þjónustu við viðskiptavini á mörkuðum í Bandaríkjunum, Kína og ríkjum Suður-Ameríku. Skráning perúska fiskimjölframleiðandans Copeinca á markað, markaði upphaf nýrra tækifæra fyrir Glitni í Suður-Ameríku. Viðskipti í Kína hafa vaxið hraðar en búist var við og áhersla á sérsvið heldur áfram að afla bankanum ábatasamra tækifæra í Bandaríkjunum og Kanada.

Alþjóðleg bankastarfsemi mun áfram byggja á sjálfbærri orkuvinnslu og því að efla tengsl við lykilaðila á þeim markaði um heim allan. Stofnun Geysir Green Energy í janúar eru mikilvæg tímamót varðandi stefnu Glitnis í sjálfbærri orkuvinnslu. Bankinn mun taka þátt í jarðvarmaverkefnum sem bjóða áhugaverðustu tækifærin. Gott dæmi um það er jarðvarmaverkefni í Xianyang í Kína sem unnið var í samvinnu við Shaanxi Green Energy. Vegna þátttöku sinnar í því verkefni tilnefndi stórblaðið Financial Times Glitni til „Sjálfbæru bankaverðlaunanna“ (e. *Sustainable Banking Awards*).

6. Horfur fyrir árið 2007

Teikn eru á lofti um að farið sé að hægjast um í íslensku efnahagslífi eftir hraðan uppgang undanfarinna ára. Verulega hefur dregið úr vexti einkaneyslu og nú þegar stórfamkvæmdum lýkur og dregur úr byggingu íbúðarhúsnæðis er samdráttur framundan í innlendri fjárfestingu. Verðbólga hjaðnar nú jafnt og þétt þótt hún sé enn verulega yfir markmiði Seðlabankans. Hins vegar hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist töluvert undanfarið og atvinnuleysi er afar lítið. Þess utan hefur verið helstu eignaflokka haldið áfram að hækka þótt dregið hafi úr hraða hækkunar frá því sem mest var. Staða heimilanna er því sterk og sömu sögu má segja um flest helstu íslensk fyrirtæki, sem stóðust andbyr síðasta árs með glæsibrag. Því er viðbúið að aðlögun hagkerfisins eftir það ójafnvægi og þenslu sem einkennt hefur síðustu ár verði hæg og sígandi en þó bendir flest til að aðlögunin verði án teljandi áfalla. Umsvif í íslensku efnahagslífi verða því að líkum töluverð næsta kastið og raunar er útlit fyrir að rekstrarskilyrði fjármálafyrirtækja ættu að verða hagstæð hin allra næstu ár.

Líkt og á Íslandi lítur nú út fyrir að heldur hægi á hjólum efnahagslífsins í Noregi eftir myndarlegt vaxtarskeið undanfarin fjögur ár. Staða hagkerfisins er þó sterk og horfur góðar. Viðskiptakjör eru hagstæð þar sem verð á olíu og öðrum helstu útflutningsvörum er hátt á meðan aðfangaverð hefur lækkað. Verðbólgu hefur verið haldið í skefjum þrátt fyrir drjúgan hagvöxt þar sem verð á innfluttum neysluvörum hefur lækkað og eftirspurn á vinnumarkaði hefur að verulegu leyti verið mætt með innflutningi starfsfólks. Atvinnuleysi er lítið þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku. Ráðstöfunartekjur heimilanna hafa aukist jafnt og þétt og einkaneysla að sama skapi vaxið að undanförmu. Þó hefur verðbólguþrýstingur verið að aukast undanfarið og Seðlabanki Noregs hækkað stýrivexti til að bregðast við honum. Á heildina lítið eru horfur bjartar í Noregi og allar líkur á að starfsumhverfi fjármálafyrirtækja verði með ágætum þar í landi á komandi misserum.

7. Arðgreiðslur í formi hlutafjár

Eigendur yfir 90% hluta Glitnis (91,35%) óskuðu eftir því að fá helming arðs greiddan í hlutabréfum. Aðalfundur Glitnis, sem haldinn var 20. febrúar samþykkti að hluthöfum yrði gefinn kostur á að fá allt að helming arðs greiddan með nýjum hlutum miðað við 24,80 krónur á hlut. Heildarfjöldi hluta sem hluthafar skráðu sig fyrir var 172.086.232. Heildarfjöldi útgefinna hluta er í dag 14.437.992.061.

8. Sérstakur hluthafafundur

Stjórn Glitnis banka hf. hefur boðað til hluthafafundar mánudaginn 30. apríl. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum Glitnis á Kirkjusandi og hefst kl.15. Á dagskrá er kjör stjórnar. Þar sem fjöldi þeirra sem gefa kost á sér í stjórn og varastjórn bankans er jafn fjölda stjórnasæta er stjórnin sjálfkjörin. Frekari upplýsingar má finna á www.glitnir.is

9. Birting uppgjöra fyrir árið 2007

Fyrirhugaðir birtingadagar uppgjöra Glitnis fyrir árið 2007 eru þessir:

2. fjórðungur, 31. júlí 2007
3. fjórðungur, 30. október 2007
- Afkoma ársins, 29. janúar 2008

10. Kynning Glitnis á uppgjöri fyrsta ársfjórðungs 2007

Eftirfarandi kynningar og símafundir verða haldnir í tengslum við afkomu Glitnis á fyrsta ársfjórðungi 2007 sem birt verður 30. apríl. Glitnir mun birta uppgjör fyrir opnun markaða. Hægt verður að nálgast uppgjörið á www.glitnir.is frá og með birtingu uppgjors þann 30. apríl.

Kynning í London

Bjarni Ármannsson, forstjóri, kynnir uppgjör fyrsta ársfjórðungs í London þriðjudaginn 1. maí kl. 16:00. Fundurinn fer fram á skrifstofum Glitnis, Lothbury 41, London EC2R 7HF. Þátttakendur vinsamlegast skrái sig hjá Völu Pálsdóttur, með því að senda póst á ir@glitnir.is eða hringja í síma 440 4989.

Símafundur og netútsending

Glitnir heldur símafund og netútsendingu á ensku kl. 08:00 (10.00 CET), miðvikudaginn 2. maí. Bjarni Ármannsson, forstjóri, mun kynna uppgjörið og svarar spurningum. Hægt er að fylgjast með fundinum á heimasíðu Glitnis, www.glitnir.is.

Einnig verður hægt er að hringja í símanúmer:

Bretland + 44 (0) 208 817 9301

Noregur + 47 231 629 47

Finnland + 358 969 37 97 35

Bandaríkin + 1 718 354 1226

Kynning í Reykjavík

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis kynnir uppgjör fyrsta ársfjórðungs fyrir hluthöfum og markaðsaðilum kl. 9:15, miðvikudaginn 2. maí, á 5. hæð í höfuðstöðvum Glitnis á Kirkjusandi. Húsið verður opnað kl. 9:00 og verður boðið upp á morgunverð.

Kynning í New York

Bjarni Ármannsson forstjóri kynnir uppgjör fyrsta ársfjórðungs í New York þriðjudaginn 15. maí, kl. 12:00. Fundurinn fer fram á 875 Third Avenue (milli 52nd & 53rd), 4. hæð Stockholm Conference Room, New York, NY 10022. Þátttakendur vinsamlegast skrái sig hjá Völu Pálsdóttur, með því að senda póst á ir@glitnir.is eða hringja í síma 440 4989.

Bókun viðtala við fjölmiðla

Til að bóka fjölmiðlaviðtöl, vinsamlegast hafið samband við Pétur Óskarsson, forstöðumann kynningarmála, með því að senda tölvupóst til petur.oskarsson@glitnir.is eða hringja í síma 844 4990.

11. Rekstrarreikningur samstæðu eftir ársfjórðungum

m.kr.	1.fj. 2007	4.fj. 2006	3.fj. 2006	2.fj. 2006	1.fj. 2006
Hreinar vaxtatekjur	7.943	8.420	9.310	11.526	7.827
Hreinar þjónustutekjur	7.298	10.343	4.955	5.534	5.626
Arðstekjur	24	0	0	11	0
Hreinar tekjur af veltufjáreignum/veltufjárskuldum	651	2.223	223	203	3.348
Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum á gangvirði	1.844	500	393	573	632
Innleystur hagnaður/(tap) af fjáreignum/fjárskuldum	0	0	2	-2	0
áhættuvarnarreikningsskila	54	-97	4	-87	-4
Hreinn gjaldeyrismunur	340	241	278	248	-185
Aðrar rekstrartekjur	59	232	107	170	47
Rekstrarkostnaður	-8.637	-8.705	-6.431	-6.293	-5.872
Kostnaður/tekjur vegna annarra skuldbindinga	0	0	0	0	0
Virðisrýrnun	-1.232	-1.652	-328	-1.354	-1.424
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagum og samrekstri	-136	74	69	140	1.186
Hagnaður af sölu eigna	208	14	1.785	2.444	0
Hagnaður fyrir skatta	8.416	11.594	10.365	13.113	11.181
Tekjuskattur	-1.408	-2.278	-1.563	-2.101	-2.083
Hagnaður tímabilsins	7.008	9.316	8.802	11.012	9.098

12. Efnahagsreikningur samstæðu

m.kr.	31.3.2007	31.3.2006	Breyting (m.kr.)	Breyting (%)
Sjóðsigildi og innistæður í Seðlabanka	26.616	20.417	6.199	30,4%
Lán og kröfur	1.675.963	1.760.368	-84.405	-4,8%
Veltufjáreign	215.889	227.251	-11.362	-5,0%
Aðrar fjáreignir á gangvirði	275.639	200.864	74.775	37,2%
Fjáreignir til sölu	3.806	3.746	60	1,6%
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	5.348	5.721	-373	-6,5%
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	4.501	4.379	122	2,8%
Rekstrarfjármunir	4.052	3.296	756	22,9%
Óefnislegar eignir	19.735	18.310	1.426	7,8%
Skatteign	288	264	24	9,3%
Fastafjármunir til sölu	424	409	14	3,5%
Aðrar eignir	23.635	1.314	22.321	1699,3%
Eignir	2.255.896	2.246.339	9.557	0,4%
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka	64.550	78.576	-14.026	-17,9%
Önnur innlán	433.013	438.272	-5.259	-1,2%
Lántaka	1.380.336	1.377.787	2.549	0,2%
Vikjandi lán	101.695	108.998	-7.303	-6,7%
Veltufjárskuldir	63.489	51.729	11.760	22,7%
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	12.502	13.869	-1.368	-9,9%
Starfsmannaskuldbindingar	83	529	-445	-84,3%
Skattskuld	8.526	10.647	-2.121	-19,9%
Aðrar skuldir	38.291	19.813	18.478	93,3%
Eigið fé	153.411	146.119	7.292	5,0%
Skuldir og eigið fé samtals	2.255.896	2.246.339	9.557	0,4%

13. Kennitölur

	1. ársfj. 2007	1. ársfj. 2006	Breyting	4. fj. 2006	3. fj. 2006	2. fj. 2006	1. fj. 2006
Lykiltölur úr efnahagsreikningi (m.kr)							
Meðalstaða heildarféarmagns	2.253.317	1.528.153	725.164	2.035.188	1.946.659	1.872.596	1.528.153
Heildarféarmagn í loktímabils	2.255.897	1.835.999	419.898	2.246.339	1.955.490	2.023.185	1.835.999
Eigið fé	153.411	111.370	42.041	146.119	129.844	125.763	111.370
Hlutfé	14.754	14.120	634	14.265	14.009	14.048	14.120
Kennitölur							
Arðsemi eigin fjár fyrir tekjuskatt	24,9%	53,7%					
Arðsemi eigin fjár eftir tekjuskatt	20,5%	42,0%					
Hagnaður á hverja krónu hlutfjár	0,46	0,66	-30,3%	0,64	0,62	0,76	0,66
Eiginfjárhlutfall skv. CAD (lok tímabils)	14,2%	12,1%		15,0%	15,9%	13,7%	12,1%
Eiginfjárhlutfall A (lok tímabils)	11,6%	9,2%		10,8%	10,9%	9,1%	9,2%
Hlutfall kostnaðar af tekjum	47,4%	34,0%		39,8%	43,1%	36,0%	34,0%
Virðisrymnun/lánum, kröfum og ábyrgðum í lok tímab.	0,3%	0,4%		0,4%	0,0%	0,2%	0,4%
Meðalstöðugildi	1.546	1.216	27,2%	1.500	1.483	1.369	1.216
Hlutfall af meðalstöðu heildarféarmagns							
Vaxtamunur	1,4%	2,0%		1,7%	2,0%	2,5%	2,0%
Aðrar rekstrartekjur	1,8%	2,5%		2,6%	1,2%	1,5%	2,5%
Önnur rekstrargjöld	1,5%	1,5%		1,7%	1,4%	1,4%	1,5%
Framlag í afskriftareikning útlána	0,2%	0,4%		0,3%	0,1%	0,3%	0,4%
Hagnaður	1,2%	2,4%		1,8%	1,8%	2,4%	2,4%

14. Lán afkomusviða

Lánasafn Q1 2007	Size	
	ISK (bn)	%
Skuldsett Fjármögnun	54,9	4%
Glitnir Luxembourg	91,6	6%
Fjárfestingabankasvið	4,3	0%
Fyrirtækjasvið	201,7	13%
Fyrirtækjasvið alls:	352,6	23%
Alþjóðasvið	31,0	2%
Útibúasvið	169,6	11%
Fasteignalán	115,4	8%
Fyrirtækjasvið	215,4	14%
Eignafjármögnun	38,3	3%
Önnur útlán	12,3	1%
Viðskiptabankasvið - Ísland	551,1	37%
Glitnir Bank ASA	48,5	3%
BNbank	473,5	31%
Starfsemi í Noregi	46,8	3%
Glitnir AB	2,9	0%
Glitnir Nordic	571,8	38%
Total	1.506,6	100%

15. Kennitölur

	Q1 2007	2006	2005	2004	2003*	2002*	2001*
Arðsemi eigin fjár	20,5%	39,4%	30,3%	43,8%	30,1%	18,2%	24,5%
Hagnaður á hlut	0,46	2,68	1,48	1,18	0,63	0,38	0,33
Eiginfjárlutfall skv. CAD (lok tímabils)	14,2%	15,0%	12,6%	12,4%	11,4%	12,7%	12,2%
Eiginfjárlutfall A (lok tímabils)	11,6%	10,8%	9,9%	9,4%	8,0%	10,1%	9,0%
Hlutfall kostnaðar af tekjum	47,4%	37,6%	37,9%	47,7%	50,0%	54,8%	55,0%
Heildareignir (lok tímabils)	2.255.896	2.246.339	1.472.250	677.316	443.943	312.367	348.211
Lán og kröfur (lok tímabils)	1.675.963	1.760.368	1.174.733	524.020	315.166	252.996	260.026
Innlán (lok tímabils)	497.563	516.848	334.792	178.278	107.672	85.827	77.823
Eigið fé (lok tímabils)	153.411	146.119	84.750	48.474	29.423	20.964	20.287
Starfsmannafjöldi (lok tímabils)	1.564	1.518	1.153	1.141	1.085	815	828
Verð á hlut (lok tímabils)	27,0	23,3	17,3	11,2	6,4	4,7	4,3
V/H hlutfall (lok tímabils)	11,0	8,7	11,7	9,5	10,2	12,4	13,4
Arður á hlut		0,66	0,38	0,35	0,23	0,17	0,13
Arðgreiðsluhlutfall		24,6%	25,7%	29,7%	36,5%	45,0%	40,0%
Hlutafé	14.753	14.265	13.112	11.081	10.080	9.400	9.700
Hlutabréfaverð/bókfært verð hluta (lok tímabils)	2,60	2,27	2,68	2,56	2,19	2,11	2,08
Markaðsvirði (lok tímabils)	398.331	332.375	226.838	124.107	64.512	44.180	42.098

* Upphæðum ekki breytt til samræmis við alþjóðlega

16. Áhrif innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Glitnir hefur birt reikninga sína í samræmi við alþjóðlegar reglur um gerð samstæðureikningsskila (IFRS) síðan 1. janúar 2005. Samanburðartölur frá árinu 2004 hafa verið leiðréttar fyrir breyttum reikningsskilastöðlum.

17. Rekstrarreikningur og lykiltölur

Athygli er vakin á því að BNbank er hluti af samstæðu bankans frá 1. apríl 2005 og Sjóvá var hluti af samstæðu bankans fram til 31. mars 2005. Sjóvá var hlutdeildarfélag frá og með 2. ársfjórðungi 2005 til 1. maí 2006 þegar Glitnir seldi hlut sinn í Sjóvá að fullu.

Kirkjusandi • 155 Reykjavík • Ísland

Sími: 440-4500 • Fax: 440-4001

Kt. 550500-3530 • Netfang: glitnir@glitnir.is